

# Lestrarfélag Munkaþverársóknar

Afhending 1021/11

Seint á árinu 1857 kynnti þáverandi hreppstjóri Öngulsstaðahrepps, Jón Jónsson bóndi á Munkaþverá, hugmynd um að stofna lestrarfélag í hreppnum fyrir nokkrum sveitungum sínum. Um vorið árið eftir var félagið stofnað og gefið nafni Lestrarfélag Öngulsstaðahrepps.

Forseti félagsins var Sveinbjörn Hallgrímsson, aðstoðarprestur en Jón hreppstjóri var féhirðir. Stofnfélagar voru 13 talsins.

Árið 1880 var nafni félagsins breytt í Lestrarfélag Munkaþverársóknar, vegna þess að allir félagsmenn bjuggu í þeirri sókn. Árið eftir var lögum félagsins breytt töluvert og stjórn, skipuð forseta, féhirði og bókaþverði, i var kosin. Þó að félagið hafi kennt sig við Munkaþverársókn gegnu reglulega í það íbúar annarra sókna, á tímabili náði starfssvæði félagsins frá Björk á Staðarbyggð að Öxnafellskoti í Saurbæjarhreppi.

Bókakostur safnsins var geymdur heima hjá bókaþverði. Árið 1923 var Guðmundur Jónatansson kosinn bókaþverður og gegndi hann því starfi til 1962. Árið 1950 hafði bókasafn félagsins vaxið svo mikið að ekki var lengur pláss fyrir það allt heima hjá bókaþverði. Var hluta safnsins því fundinn staður í Barnaskólanum á Syðra-Laugalandi.

Við sameiningu sveitarfélaganna innan Akureyrar árið 1991 dró verulega úr starfsemi lestrarfélaganna á svæðinu. Árið 2000 voru þau öll sameinuð í eitt bókasafn, sem er í senn almenningsbókasafn og skólabókasafn Hrafnagilsskóla.

Afhendingin barst frá Stefáni J. Árnasyni og Þórnýju Barðadóttur, Eyjafjarðarsveit. Önnur afhending frá Lestrarfélaginu er 763.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

8. apríl 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

1021 / 11

**A-Lestrarfélag Munkaþverársóknar****A-Lestrarfélag Munkaþverársóknar****1939 - 1988**

A	1	1	1952 - 1986	Reikningar og fylgiskjöl
A	1	2	1939 - 1988	Yfirlitsskýrslur; ársskýrslur
A	1	3	1940 - 1984	Bréf og bókalistar